

19. fundur

7. apríl 2022

1605023SA  
Málalykill: 16.31

**Fundargerð samstarfsnefndar  
MATVÍS  
og  
Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Fundur samstarfsnefndar var haldinn fimmtudaginn 7. apríl 2022. Samskipti fóru fram í tölvupóstum.

Fyrir hönd MATVÍS: Óskar Hafnfjörð Gunnarsson og Ari Ólafsson Thorlacius.

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Benedikt Þór Valsson, Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Eftirfarandi var tekið fyrir**

**1. Hagvaxtarauki**

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl 2022 og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamninga aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.